

Þriðjudaginn 16. apríl, 1940.

Nr. 2/1940. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvinnafélagsins Brynju**  
 gegn  
**Ingimundi Hjálmarssyni.**

Mál út af ákvæðum vinnusamnings um forgangsrétt til vinnu.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. verkakvinnafélagsins Brynju á Seyðisfirði gegn Ingimundi Hjálmarssyni á Seyðisfirði með stefnu, dags. 3. febr. s. l., og hefir stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði skyldaður til þess að láta verkakonur, sem eru gildir meðlimir í verkakvinnafélaginu Brynju á Seyðisfirði, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkakvinnavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir Brynju bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.

Stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta, og er honum þó löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega, sbr. 52. gr. laga nr. 80/1938.

Kröfur sínar í málinu byggir stefnandi á kauptaxta eða samningi, sem stefndi ásamt öðrum hefur undirritað, og gildir kauptaxti þessi eða samningur eftir innihaldi sinu frá 1. apríl 1939 til jafnlengdar 1940. En stefnandi telur, að stefndi hafi á umræddu tímabili brotið ákvæði 1. gr. samnings þessa. Með því að dómkröfur stefnanda eru í samræmi við

nefndan samning, sem lagður hefir verið fram í málinu í staðfestu eftirriti, ber að taka þær til greina.

Málskostnaðar hefir ekki verið krafizt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ingimundur Hjálmarsson, er skyldur til þess, meðan framangreindur samningur er í gildi, að láta verkakonur, sem eru gildir meðlimir í verkakvennafélaginu Brynju, hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkakvennavinnu, þegar þess er krafizt og meðlimir Brynju bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.